



Reykjavík 17.11.2021

Efni: Svar umhverfis- og skipulagssviðs við fyrirspurn fjölmeningarráðs um íslenskukennslu fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar

- Fær starfsfólk upplýsingar um íslenskunám sem er í boði fyrir það samkvæmt stefnumótun? Já upplýsingar um íslenskunám er sent til starfsfólks og stjórnenda um leið og við fáum tilkynningu um slíkt. Stjórnendur starfsstaða þar sem starfsfólk starfar ekki við tölvur eru beðnir um að kynna þetta sérstaklega fyrir starfsfólki.

- Fær starfsfólk tækifæri að sækja íslenskunám á vinnutíma?

Já stjórnendur eru ávallt hvattir til að skapa svigrúm til þess.

- Er íslenskunám starfstengt og leiðir það til starfs- og launapróunar?

Það íslenskunám sem hefur verið í boði hefur verið skipulagt miðlægt af hálfu Reykjavíkurborgar. Starfsfólk af erlendum uppruna er líkt og annað starfsfólk hvatt til að auka við þekkingu sína og hæfni. Starfs- og launapróun er í samræmi við ákvæði kjarasamninga.


Ásdís Ásbjörnsdóttir
mannauðsstjóri